

Vinir Perú
B.t. Sigrún Klara Hannesdóttir
Espigerði 4
108 Reykjavík

Landssamband DKG
Eygló Björnsdóttir
Hlíðargötu 8
600 Akureyri

24. október 2016

Efni: Styrkur til Vina Perú

Fyrir hönd samtakanna **Vinir Perú** vil ég þakka ykkur í stjórn Landssambands DKG kærlega fyrir vel þeginn styrk til samtakanna. Hugulsemi ykkar er einkar notaleg og styrkurinn frá ykkur kemur í góðar þarfir.

Ég set hér með nýjan bækling um Vini Perú og það verkefni sem við erum að byrja á núna sem er stuðningur við börn í þorpínu Cancha Cancha. Þorpið er í nærri 4000 metra hæð og þangað liggur ekki einu sinni vegur. Þarna er alger sjálfsþurftarbúskapur sem er erfiður við þessar aðstæður. Í skólanum þar eru 40 börn í leikskóla og grunnskóla. Það má skoða myndir frá þorpínu á google maps. Fallegur staður en ótrúlegt að fólk skuli búa þarna. Tengiliður okkar, Daniel Salazar, hefur farið nokkrar ferðir þangað með hreinlætisvörur og skóladót, en allt sem þangað fer þarf að bera á bakinu þar sem enginn vegur liggur þangað.

Með kærum kveðjum


Sigrún Klara Hannesdóttir, formaður


Vina Perú

Cancha Cancha

Næsta verkefni Vina Perú er stuðningur við örsmátt þorp í Andesfjöllunum, sem heitir Cancha Cancha. Þorpið liggur í 3954 metra hæð og þangað liggur enginn vegur og tekur ganga þangað um 3 klukkutíma. Þar búa um 50 fjölskyldur við mjög frumstæðar aðstæður en þarna er þó einn skóli með 45 nemendum á leikskóla og grunnskóla aldri. Fyrsta ferð Daniels þangað var farin til að færa þorpinu og börnunum hreinlætisvörur svo sem sápu, handklæði, tannbursta og tannkrem, en þar sem enginn vegur liggur þangað verður að bera allar vistir á bakinu. Ætlun Vina Perú er að sjá börnunum fyrir heitum mjölgraut í morgunmat þegar þau koma í skólann enda aðalfæða barnanna mjög næringarsnauð. Í framtíðinni er ætlunin að kaupa handa þeim vítamín til að bæta heilsufar þeirra og hjálpargögn í skólann.

Vinir Perú leita eftir stuðningsaðilum sem vildu styrkja börnin í Cancha Cancha, skólann þeirra og þorpið með mánaðarlegu fjárframlagi eða á einhvern annan hátt, t.d. með því að kaupa handgerða listmuni frá Perú. Allur styrkur er vel þeginn og fer óskiptur til verkefna samtakanna.

Kennitala Vina Perú: 531207-1300
Reikningur: 0322-26-053120



Á leið til Cancha Cancha

Vinir Perú



Fjallabúar

Vinir Perú

Vinir Perú eru hjálparsamtök sem stofnuð voru 1. desember 2007 af fjórum Íslendingum eftir ferðalag til Perú fyrr um árið. Leiðsögumaður í þeirri ferð var Daniel Salazar sem rekur ferðabjónustu undir heitinu Lifetime Perú. Hann kynnti fyrir okkur sjálfboðastarf sem hann sinnir meðal fátækustu íbúa landsins og hann hefur verið tengiliðurinn okkar við verkefnið frá byrjun. Daniel sér til þess að peningar sem við sendum komist til skila og verði nýttir á besta mögulegan máta og sendir okkur myndir af þeim árangri sem hefur náðst. Vinir Perú eru á Facebook þar sem settar eru myndir frá starfinu.

Skólabörn í Chosecani gleðjast yfir hekludum húfum frá Íslandi



Chosecani, Quebrada Verde og Cucuya

Frá 2007 styrktum við skóla í hálöndum Perú sem heitir Chosecani. Fyrst settum við upp eldhús fyrir skólann og síðan hefur eldhúsinu verið séð fyrir hafragrjónum og kínóa til þess að börnin fái heita máltíð á hverjum degi. Skólinn var einnig styrktur til bóka- og gagnakaupa. Frá 2013 höfum við styrkt tvo skóla í fátækrahverfum Lima, Quebrada Verde og Manzano Cucuya. Í Cucuya var sett upp eldhús svo hægt væri að bjóða börnunum heitan mat. Stærsta einstaka verkefnið hingað til var uppsetning skólabókasafns í Quebrada Verde sem vígt var 2014 þegar níu Íslendingar voru viðstaddir vígslu safnsins og slegið var upp miklum hátíðarhöldum af því tilefni.

Faðir David blessar bókasafnið

